

STJÓRNARTÍÐINDI A 19 – 1999

31. desember 1999

257

Nr. 123

AUGLÝSING

um staðfestingu forsetaúrskurðar um breytingu á forsetaúrskurði nr. 72 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra.

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, með síðari breytingum, gefið út svohljóðandi úrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 72 frá 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði nr. 72 frá 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra, að Valgerður Sverrisdóttir fer með ráðherra-störf þau sem Finni Ingólfssyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði og fer með iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

Forsætisráðuneytinu, 31. desember 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.